Borgarfjarðarsýslu áður en Landssambandið var stofnað, sbr. 2. gr. samþykkta þess.

Samkvæmt þessu verður tekin til greina krafa stefnanda, að Vörubifreiðastjórafélag Borgarfjarðarsýslu sé stéttarfélag, en að öðru leyti ber að sýkna stefnda af kröfum hans.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Frávísunarkrafa stefnda er ekki tekin til greina.

Vörubifreiðastjórafélag Borgarfjarðar er stéttarfélag samkvæmt lögum nr. 80/1938.

Að öðru leyti skal stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Landssambands ísl. sjálfseignarvörubifreiðastjóra, vera sýkn af kröfum stefnanda, Vörubifreiðastjórafélags Borgarfjarðarsýslu, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---

Fimmtudaginn 28. júní 1956.

Nr. 6/1955. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Akureyrar vegna Ragnars Árnasonar**
(Jón Þorsteinsson hdl.)
gegn
**Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda f. h. Útgerðarfélags Akureyringa h.f.**
(Kristinn Gunnarsson hdl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.**

Fiskveiðar: Deilt um skilning á ákvæðum kjarasamnings um siglingarleyfi háseta, þegar togarar sigla til útlanda með afla sinn.

**Dómur.**

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu dags. 27. september f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Akureyrar vegna Ragnars Árnasonar gegn Félagi ísl.

botnvörpuskipaeigenda vegna Útgerðarfélags Akureyringa h.f. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að Ragnari Árnasyni, sem var skipverji á b/v Kaldbak E.A. 1, beri réttur til kaups og fæðispeninga samkvæmt 14. gr. og öðrum ákvæðum í kjarasamningi milli málsaðilja, dags. 20. september 1954, fyrir tímabilið frá 30. október til 15. nóvember 1954 að báðum dögum meðtöldum. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Botnvörpuskipið Kaldbakur E.A. 1, sem er eign Útgerðarfélags Akureyringa h.f., stundaði í septembermánuði 1954 ísfiskveiðar og seldi afla sinn á erlendum markaði. Síðari hluta mánaðarins kom skipið úr söluferð frá Þýzkalandi. Hafði öll skipshöfnin farið utan með skipinu í söluferð þessa og fór skipið beint á veiðar, er það kom frá útlöndum í þetta sinn. Kaldbakur hóf veiðar af nýju 27. september án viðkomu hér á landi og var á veiðum til 10. október. Þann dag var haldið beint til Þýzkalands án viðkomu í innlendri höfn og fór öll áhöfnin því einnig utan í þetta sinn. Ástæðan til þess, að skipið fór í þetta sinn til útlanda beint af veiðum, er talin hafa verið sú, að það hafi þurft að vera komið til Þýzkalands með afla sinn til sölu á tilteknum degi. Í Þýzkalandi kom í ljós bilun á skrúfuöxli skipsins og olli sú bilun þriggja eða fjögurra vikna töf erlendis. Hinn 21. október gerði skipstjóri þá ráðstöfun, að hann sendi 15 menn af áhöfninni heim til Íslands með b/v Goðanesi frá Neskaupstað. Komu skipverjar þessir til Akureyrar, heimahafnar skipsins, hinn 27. október. Kaup fengu þeir greitt til 29. október að þeim degi meðtöldum, og var kaupgreiðslan miðuð við ákvæði kjarasamnings, sem gekk í gildi 20. september það ár, enda verður að telja, að leysa beri ágreining þann, sem um ræðir í þessu máli í samræmi við ákvæði þessa samnings. Kaldbakur kom síðan til Akureyrar að lokinni viðgerð og fóru skipverjar þeir, er áður voru komnir heim, þá aftur í skipsrúm sín. Var Ragnar Árnason einn þeirra og tók hann þannig aftur til starfa 14. nóvember.

Ágreiningsefni máls þessa er það, að stefnandi telur, að Útgerðarfélagi Akureyringa h.f. beri að greiða skipverjum þeim, er heim voru sendir, kaup og fæðispeninga dagana 30. október til 14. nóvember 1954. Er sú krafa hans studd þeim rökum, að samkvæmt kjarasamningnum frá 20. september 1954, einkum 14. gr. hans, sé útgerðarmanni skips skylt að veita tveimur þriðju hlutum háseta leyfi frá störfum, ef siglt er til útlanda með aflann til sölu þar, og skuli þeir halda kaupi og fæðispeningum þar til skipið kemur aftur frá útlöndum, þó ekki lengur en 18 daga. Nú hafi ekki neinum skipverjum verið veitt siglingaleyfi í umræddri för og eigi því þeir sjómenn, sem rétt áttu til siglingaleyfis í þetta sinn samkvæmt þeim reglum, sem um leyfi gilda, kröfu til kaups jafnlangan tíma og ferð skipsins tók, þó ekki lengur en 18 daga, en Ragnar Árnason var eins og áður er sagt einn þeirra.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda og rökstuðningi hans. Heldur hann því fram að skylda útgerðar til þess að veita siglingaleyfi, ef skip siglir með afla sinn til sölu á erlendum markaði, sé því skilyrði bundin, að skipið komi til innlendrar hafnar, er það hættir veiðum, en áður en það siglir til útlanda. Hins vegar beri útgerðarmanni engin skylda til þess að koma til hafnar til þess eins að geta veitt siglingaleyfi. Nú hafi Kaldbakur farið beint af miðum í söluferð sína til Þýzkalands og eigi því hvorki Ragnar Árnason, né aðrir skipverjar, sem fengið mundu hafa siglingaleyfi í þetta sinn, ef skylda og skilyrði hefðu verið fyrir hendi til þess að veita slíkt leyfi, nokkrar kröfur á hendur útgerð skipsins út af siglingaleyfum í sambandi við greinda för þess, enda hafi þeir þegar eftir komu sína fengið kaup miðað við 29. okt., en greiðslu fyrir lengri tíma hafi þeir ekki átt rétt til.

Í 13. gr. kjarasamnings þess, sem gilti milli aðilja máls þessa um kaup og kjör á botnvörpungum frá 5. marz 1952 til 20. september 1954, segir svo um siglingaleyfi:

„Nú siglir skip með afla til sölu á erlendum markaði og fer þá um siglingaleyfi samkvæmt ákvæðum greinar þessarar.

Ef skip kemur í heimahöfn af veiðum loknum skal tveimur þriðju háseta ..... veitt leyfi frá störfum þar til skipið kemur aftur frá útlöndum. Nú kemur skip að loknum veiðum í aðra innlenda höfn og skulu siglingaleyfi þá veitt með sama hætti, ef tveir þriðju hlutar háseta, sem hlut eiga að máli, óska þess .....

Skipstjóri skal gæta þess, að leyfinu sé réttilega skipt á skipverja og fyllsta jafnaðar gætt í því efni, enda sé við það miðað sem meginreglu, að hver þeirra háseta, sem á veiðum voru, fái leyfi í tveimur af hverjum þremur söluferðum, sem hér skipta máli .....

Nú er ákveðið, að skip skuli að söluferð lokinni hefja veiðar á erlendum miðum eða fyrir austurlandi og er þá eigi skylt að veita siglingaleyfi, áður en sigling til útlanda hefst, þó í höfn sé komið ....."

Það er ágreiningslaust með málsaðiljum, að þessi samningsákvæði hafi verið skilin og framkvæmd svo, að skylda til þess að veita siglingaleyfi væri því skilyrði bundin, að skipið kæmi til innlendrar hafnar, heimahafnar eða annarrar áður en það sigldi með aflann, en þyrfti ekki að koma til hafnar til þess að geta veitt siglingaleyfi.

Hinn 20. september 1954 var gerður nýr kjarasamningur. Í þeim samningi eru samsvarandi ákvæði um siglingaleyfi fólgin í 14. gr. hans og hljóða þau svo:

„Nú siglir skip með afla til sölu á erlendum markaði, og fer þá um siglingaleyfi samkvæmt ákvæðum greinar þessarar.

Ef skip kemur í heimahöfn að veiðum loknum, skal tveimur þriðju háseta að bátsmanni og bræðslumanni meðtöldum veitt leyfi frá störfum, þar til skipið kemur aftur frá útlöndum. Halda skipverjar, er leyfis njóta, óskertu kaupi sínu og fæðispeningum kr. 18,00 á dag þenna tíma, þó ekki lengur en 18 daga.

Nú kemur skip að loknum veiðum í aðra innlenda höfn og skulu siglingaleyfi þá veitt með sama hætti. Sér útgerðarmaður þá skipverjum, sem leyfi hefur verið veitt, á sinn kostnað fyrir flutningi til heimahafnar skipsins, þ. á. m. fæði og gistingu. Sama gildir um flutning háseta frá heima-

höfn, ef næsta veiðiför er hafin í annari innlendri höfn. Að öðru leyti fer um kjör háseta samkvæmt 2. mgr. meðan þeir eru í leyfi.

Skipstjóri skal gæta þess, að leyfum sé réttilega skipt á skipverja enda sé við það miðað, að hver þeirra háseta, sem á veiðum voru, fái leyfi í tveimur af hverjum þremur söluferðum. Kyndarar fá siglingaleyfi til skiptis svo og matsveinar.

Nú er ákveðið að skip skuli, að söluferð lokinni, hefja veiðar á erlendum miðum og er þá ekki skylt að veita siglingaleyfi áður en sigling til útlanda hefst. Sé þetta ákveðið skal skylt að tilkynna skipsverjum það með hæfilegum fyrirvara áður en farið er úr heimahöfn ....."

Stefnandi heldur því nú fram, að sú breyting hafi orðið á efni framangreindra samningsákvæða, að útgerðarmanni skips sé skylt að fara til innlendrar hafnar, er veiðum lýkur, áður en siglt er til útlanda með aflann til sölu og veita þeim skipverjum siglingaleyfi, sem til þess eiga rétt í það sinn.

Þessu hefur stefndi eins og að framan er greint hins vegar eindregið neitað.

Þeir Tryggvi Helgason Akureyri og Pétur Óskarsson Hafnarfirði, sem önnuðust samningagerð af hálfu sjómanna í september 1954, hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslu um það, sem aðiljum fór í milli við samningsgerðina. Sömuleiðis hafa þeir Hafsteinn Bergþórsson Reykjavík, Ásberg Sigurðsson Ísafirði og Loftur Bjarnason Hafnarfirði, sem fóru með samninga af hálfu útgerðarmanna, gefið skýrslur fyrir dómi um það, hvað á góma bar við samningsgerð um siglingaleyfin. En hvorttveggja er, að skýrslur nefndra manna benda til þess, að þessu atriði hafi ekki verið mikill gaumur gefinn og þar að auki kveðast fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna hafa skilið nefnt ákvæði sitt á hvorn veg. Veitir vætti þessara fulltrúa aðilja því ekki neina vísbendingu um það, hvernig skilja beri umdeilt samningsákvæði.

Þegar litið er til orðalagsbreytinga þeirra, sem gerðar voru á framangreindum samningsákvæðum við samningsgerðina í september 1954, þá verður ekki talið, að þær feli út af fyrir sig í sér þá efnisbreytingu frá ákvæðum samn-

ingsins frá 1952, að með þeim hafi útgerðarmönnum verið sköpuð skylda umfram það, sem áður var, til þess að veita sjómönnum undantekningarlaust siglingaleyfi, þ. e. að koma ætíð til innlendrar hafnar að lokinni veiði í skip. Er og orðalag upphafsákvæða 2. og 3. mgr. 14. gr. núgildandi samnings: „Ef skip kemur í heimahöfn" „Nú kemur skip að loknum veiðum í aðra innlenda höfn" þannig, að koma hefði þurft skýlaust fram í öðrum ákvæðum hans, ef skilja átti þessi ákvæði á annan hátt, en samkvæmt samningum frá 1952. Slík ákvæði, telur dómurinn, að ekki séu fyrir hendi.

Samkvæmt þessu verður ekki talið, að stefnda hafi borið samningsleg skylda til þess að greiða Ragnari Árnasyni kaup og fæðispeninga 30. okt.—15. nóv. 1954 vegna nefndrar söluferðar b/v Kaldbaks. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda vegna Útgerðarfélags Akureyringa h.f., á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Sjómannafélags Akureyrar vegna Ragnars Árnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

**Sératkvæði Helga Hannessonar.**

Ég skil 14. gr. samnings milli Sjómannafélags Reykjavíkur, Akureyrar o. fl. annars vegar og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda hins vegar frá 20. september 1954, á þá leið, að með henni sé verið að tryggja vissum hluta skipshafna togaranna dvöl heima, meðan skip siglir, með óskertu kaupi og fæðispeninga í allt að 18 daga.

Tel ég að siglingaleyfi þau, sem um er rætt í þessu sambandi, sé útgerðarmönnum skylt að láta skipverjum í té.

Í samræmi við þessa skoðun mína tel ég, að taka beri kröfu stefnanda til greina, nema hvað ég tel eftir ástæðum rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði 14. gr. kjarasamnings, dags. 20. sept. 1954, milli Sjómannafélags Reykjavíkur, Akureyrar o. fl. annars vegar og Fé-

lags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda hins vegar er rétt framkvæmt þannig, að Ragnar Árnason fái kaup og fæðispeninga fyrir tímabilið 30. október til 15. nóvember 1954.

Málskostnaður fellur niður.

---

Fimmtudaginn 31. janúar 1957.

Nr. 7/1956. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls í Ólafsvík** (Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

**Landssambandi ísl. útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Ólafsvíkur f. h. Víglundar Jónssonar** (Hafsteinn Baldvinsson c. jur.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.**

Fiskveiðar: Það talið brot á kjarasamningi, að skipstjóri fór í róður fyrir umsaminn tíma. Kröfu um hlutarmissi skipstjóra vísað frá dómi, en útgerðarmanni gert að greiða févíti til verklýðsfélagsins.

**Dómur.**

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 15. marz f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls í Ólafsvík gegn Landssambandi ísl. útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Ólafsvíkur f. h. Víglundar Jónssonar útvegsmanns.

Stefnandi hefur gert þessar dómkröfur:

1) að dæmt verði, að stefndi hafi brotið 14. gr. kjarasamnings aðilja, dags. 5. jan. 1953 með breytingum 1. jan. 1955, með því að láta bát sinn, Fróða S.H. 5, leggja upp í róður kl. 14.30 sunnudaginn 4. marz 1956.

2) að dæmt verði, að skipta beri samkvæmt hlutaskiptareglum, öllu andvirði aflans úr nefndum róðri milli skipverja Fróða einna, að skipstjóra undanskildum.

3) að stefndi verði dæmdur til þess að greiða allt að kr. 1000.00 í sekt til Vinnudeilusjóðs Verkalýðsfélagsins Jökuls.